



Stjórnarfundur FKA #4 - fundargerð
Starfsár 2022 - 2023

Staður: B35
Dagsetning: 08.09.2022
Tími: 12:00 – 13.30

Mættar:

Dóra Eyland (DE), Edda Rún Ragnarsdóttir (ERR), Guðrún Gunnarsdóttir (GG), Íris Ósk Ólafsdóttir (ÍÓÓ), Katrín Kristjana Hjartardóttir (KKH), Sigríður Hrund Pétursdóttir (SHP), Sigrún Jenný Barðadóttir (SJB) sem og framkvæmdastjóri félagsins Andrea Róbertsdóttir (AR).

Forföll boðuðu:

Elfur Logadóttir, Unnur Elva Arnardóttir

Dagskrá fundarins var eins og merktir liðir bera með sér.

12.00 – 12.10	1	Opnunarhringur – hvernig hefur þú það? DE, ERR, GG, ÍÓ, KKH, SHP, SJB, AR Allar stjórnarkonur eru nokkuð brattar, alls konar líðan og aðstæður en afar góð stemmning fyrir Opnunarviðburði sem er á dagskrá í kvöld.
12.10 – 12.35	2	Skýrsla framkvæmdastjóra – (AR) Aðalfundur FKA Suðurlands var frábær og aðalfundur á Suðurnesjum sömuleiðis. AR minnir á fundi með landsbyggðadeildum þann 20. sept næstkomandi. Viðburðardagatal er að fyllast, næst á dagskrá er Landsbyggðarráðstefnan 23/9 – reynt verður eftir fremsta megni að fá góða fjölmiðlaumfjöllun, bæði í staðbundnum miðlum sem og almennt. Markaðurinn verður með umfjöllun í Fréttablaðinu. Stjórnarkonur minntar á að fylgjast með dagatali og mæta þegar hægt er á viðburði félagsins. Innheimta og framkvæmd – reikningar eru farnir út, gjalddagi er 20/9 og eindagi 5/10. Það er talsvert að gera í yfirferð á félagatali, sem krefst eftirfylgni og aðhalds. Farið yfir stöðu bankareikninga sem standa vel. Rætt var um landsbyggðadeildir og greiðslur til þeirra. - Tillaga um að greiða til landsbyggðadeilda 1. greiðslu af 2 þann 7/10 og seinni greiðsluna 10/2. Deildirnar fengju þá greitt skv. þeim fjölda sem er í félagatalinu á hvorum tíma. Fara yfir með stjórnnum landsbyggðadeilda á fundi 20/9 nk.
12.35 – 13.10	4	Verkefni stjórnar

	a. Opnunarviðburður – fimmtudagur 8. september – sameiginlegur viðburður allra stjórnarkvenna Allt er tilbúið í Veröld – húsi Vigdísar, stjórnarkonur velja sér úthlutuð verkefni og sinna þeim þegar mætt er á staðinn, ábyrgð stjórnarkvenna að konur séu ekki einar og að engin fari framhjá þeim stöðvum sem eru á staðnum. Farið var yfir dagskrá viðburðar. b. Landsbyggðaráðstefna – 23. september – ÍÓÓ Dagskrá er að mótask og allt í réttum farvegi. Gott skipulag, frábær dagskrá, flottur pakki fyrir helgarferð – ráðstefna á föstudegi og fyrirtækjaheimsóknir á laugardegi. Streymi á netinu og stjórnarkonur hvattar til að láta sjá sig. c. Nýliðamóttökur – 6. október – SHP, UEA Fræðslunefnd sér um nýliðamóttöku, finna stað o.s.frv. SHP og UEA mæta og tala, stjórnarkonur hvattar til að mæta, kynna sig og segja frá. d. Jafnvægisvog – 12. október - UEA, GG Samkvæmt GG eru komnir einhverjir fyrirlesarar á dagskrá. Verið að vinna í málinu, reglulegir Teams fundir og allt í góðum farvegi. Umræða um fyrirlesara, fá einhverja sem eru ekki alls staðar og gera eitthvað nýtt. SHP styður, má vera óhefðbundin dagskrá. SJB nefnir evrópustyrki – jafnréttisstyrk, í tengslum við Jafnvægisvog og hvort það væri eitthvað sem við ættum að skoða og sækja um – heyra í Thelmu. Lægri styrkveiting frá ráðuneytinu, AR fagnar erindinu og hvetur okkur til að skoða frekar. e. Fjölmiðlaverkefni – nóvember - ERR, ÍÓÓ Samþykkt einróma af stjórn að leggja Fjölmiðlaverkefnið niður í þeirri mynd sem hefur verið. f. Alþjóðatengsl – SHP, SJB SJB opin fyrir því að skoða fleiri möguleika á styrkjum – krafa um það hjá styrkveitendum að við séum í samskiptum við 2-3 önnur lönd. AR bendir á kick-off fund hjá New Icelandairs þann 14/9. SJB mætir og lætur vita af alþjóðanefndinni og koma tengslum á milli nefndar og stjórnar. g. Innra skipulag (stefnumótun og framfylgni laga) – EL, SHP Elfur frá í dag og ekkert nýtt að fréttar, dagur frátekin fyrir Innra skipulag og verður á dagskrá. Allar konur fá tækifæri til að taka þátt. h. FKA viðurkenningarhátíð – 26. Janúar 2023 – ERR, GG Ekkert komið, fundur á mánudag til að fara yfir praktísk atriði – blöð, dómnefnd og fleira sem þarf að skoða. AR leggur til að við gerum það að hefð eftir hátíð að hafa samband og efla tengslin við viðurkenningarhafa að viðburði loknum. Rætt var um hvernig viðurkenningarhátíðin var 2022 og hvernig fyrirkomulagið er ætlað 2023. i. Sýnileikadagur 2023 – DE, KKH, SJB + nefnd – ákveða dagsetningu og stað Finna þarf dagsetningu fyrir viðburð sem fyrst og auglýsa eftir konum í
--	---

		nefndina. DE hefur samband við tengiliði í Arionbanka til að athuga með áframhaldandi samstarf. j. Aðalfundur – sameiginlegur viðburður allra stjórnarkvenna – velja dagsetningu og stað Finna þarf dagsetningu fyrir aðalfund sem er lögum samkvæmt haldinn í maí. Undirbúningur hefst í framhaldi af Viðurkenningarhátíð.
13.10 - 13.15	6	Viðburðir stjórnar og starfsemi - Hópefli stjórnar átti sér stað 15. ágúst sl oggekk afar vel. Forfallaðar voru Unnur Elva Arnardóttir og Edda Rún Ragnarsdóttir. Á stjórnarfund 10. nóvember mætir Anna Steins aftur til okkar og fer yfir samantekt. - Kynningarfundir með deildum og nefndum voru haldnir 17. ágúst sl. – AR er búin að vera í sambandi við Alþingi til að ath hvort 7. október muni henta fyrir Alþingi til að taka á móti stjórn FKA og stjórnnum deilda. Niðurstaða mun liggja fyrir síðar.
13.15 – 13.30	6	Önnur mál - Reikningar fyrir Golfnefnd og FKA Framtíð – fyrirspurn kom um hvort að Golfnefnd og FKA Framtíð gætu fengið sinn eigin bankareikning– fyrirspurnir voru samþykktar. - Beiðni frá FKA Framtíð var tekin fyrir sem hljóðaði upp á að hluti affélagsgjöldum Framtíðarkvenna myndu renna óskert til deildarinnar – óskað var eftir kr. 1250 fyrir hverja konu sem skráð er í Framtíð til að geta boðið upp á veglegri viðburði/fyrirlesara. Ákveðið að hækka greiðslurnar til FKA Framtíð úr 130 þúsund í 200 þúsund krónur pr önn. - Fyrirspurnbarst frá FKA Framtíð vegna afsláttar á félagsgjöldum í skiptum fyrir aðkeypta þjónustu. Stjórn FKA er almennt mótfallin því að nota félagsgjald FKA sem gjaldmiðil, allt félagsstarfið er sjálfbæðiðavinna og erfitt/ómögulegt að gera þar upp á milli kvenna. Stjórn FKA vísar þessu erindi til stefnumótunarvinnu vetursins og Fjármálaráðs. Fundi slitið 13:30